

73. stjórnarfundur Vestfjarðastofu & Fjórðungssambands Vestfirðinga

29. október 2026 kl. 12:00

Fundur haldinn í stað- og fjarfundi.

Mætt voru Gylfi Ólafsson, formaður, Gauti Geirsson, Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, Dagný Finnbjörnsdóttir, Anna Björg Práinsdóttir, Hildur Aradóttir, Lilja Sigurðardóttir, Magnús Ingi Jónsson, Sif Huld Albertsdóttir, Jóhanna Ösp Einarsdóttir (áheyrnarfulltrúi Reykhólahrepps). Forföll boðaði Guðmundur Fertram Sigurjónsson og sat Lilja Sigurðardóttir fundinn í hans stað.

Starfsmenn Sirrý, Sölvi, Guðrún Anna, Aðalsteinn

Dagskrá

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Fiskeldisgjöld (til kynningar og umræðu)
2. Varnarinnviðir Vestfjarða – skýrsludrög til kynningar
3. Fjárhagsáætlun Vestfjarðastofu 2026 (til afgreiðslu)
4. Fjárlaganefnd – fundur (til umræðu)
5. Skýrsla framkvæmdastjóra (til kynningar)
6. Fundargerðir til kynningar
 - a. Fundargerð Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða – í gögnum á TEAMS
 - b. [Fundargerð 76. fundar stjórnar SSNE 25. september](#)
 - c. [Fundargerð 129. fundar stjórnar SSNV 7. október](#)
 - d. [615. fundur stjórnar SSH 6. október 2025](#)
 - e. [627. fundur stjórnar SASS 26. september 2025](#)
 - f. [814. fundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 13. ágúst 2025](#)
 - g. [Fundargerð 15. stjórnarfundar SSA 12. september 2025](#)
 - h. [Fundargerð 164. stjórnarfundar Austurbrúar 12. september 2025](#)

Fundur stjórnar FV

1. Framtíð Breiðafjarðar - áframhald vinnu (til kynningar og umræðu)
2. Forgangsröðun samgönguframkvæmda í svæðisskipulagi Vestfjarða
3. Umsagnir
 - a. Búvörulög
 - b. Kílómetragjald

1. Fiskeldisgjöld (til kynningar og umræðu)

Formaður fór yfir sjónarmið fiskeldisfyrirtækja um fiskeldisgjald sem taka mið af verðum í Evrum frá árinu 2019 og staðan nú er sú að verið er að skattleggja tap fyrirtækjanna.

„Stjórn Vestfjarðastofu leggur áherslu á að samkeppnishæfni íslensks laxeldis á alþjóðavísu haldist, og að útfærsla skattlagningar endurspegli þau meginsjónarmið sem legið hafa til grundvallar að þau borgi meira þegar vel gengur en minna þegar aðstæður á mörkuðum eru verri. Líta þarf til þessa við afgreiðslu fjárlaga og tengdra laga fyrir árið 2026 og við

Til máls tóku: Gauti, Gylfi, Þórkatla,

2. Varnarinnviðir Vestfjarða – skýrsludrög til kynningar

Formaður fór yfir vinnu vegna skýrslu vegna varnarinnviða og vinnuskjal lagt fram til umræðu.

Til máls tóku auk formanns Þórkatla, Sigríður og Magnús

3. Fjárhagsáætlun Vestfjarðastofu 2026 (til afgreiðslu)

Framkvæmdastjóri lagði fram fjárhagsáætlun til kynningar og afgreiðslu.

Til máls tóku formaður og framkvæmdastjóri.

Formaður gerði að tillögu að fjárhagsáætlun Vestfjarðarstofu 2026 verði samþykkt.

Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Fjárlaganefnd – fundur (til umræðu)

Lögð fram til kynningar umsögn sem send var fjárlaganefnd og verður lögð til grundvallar efni fundar með fjárlaganefnd þann 3. nóvember.

Til máls tóku auk formanns og framkvæmdastjóri, Þórkatla og Jóhanna Ösp.

5. Skýrsla framkvæmdastjóra (til kynningar)

Formaður gaf framkvæmdastjóra orðið og kynnti hún munnlega skýrslu framkvæmdastjóra.

Einnig kynnti Sölvi munnlega málefni ferðaþjónustu og markaðsskrifstofu og um starf í kringum sólmyrkvann í ágúst og áfangastaðaáætlun.

Til máls tóku auk formanns, Anna, Þórkatla,

6. Fundargerðir til kynningar

- a. [Fundargerð Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða – í gögnum á TEAMS](#)
- b. [Fundargerð 76. fundar stjórnar SSNE 25. september](#)
- c. [Fundargerð 129. fundar stjórnar SSNV 7. október](#)
- d. [615. fundur stjórnar SSH 6. október 2025](#)
- e. [627. fundur stjórnar SASS 26. september 2025](#)
- f. [814. fundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 13.ágúst 2025](#)
- g. [Fundargerð 15. stjórnarfundar SSA 12. september 2025](#)
- h. [Fundargerð 164. stjórnarfundar Austurbrúar 12. september 2025](#)

lagt fram til kynningar

Fundi slitið kl 13.10.

Fundur stjórnar FV

1. Framtíð Breiðafjarðar - áframhald vinnu (til kynningar og umræðu)

Formaður gaf sviðsstjóra byggðapróunar orðið. Hann kynnti fund sveitarfélaga við Breiðafjörð þann 27. október s.l., sem er hluti tillagna skýrslu Framtíð Breiðafjarðar, að stofna til samráðsvettvangs sveitarfélaganna við Breiðafjörð. Samþykktu sveitarfélögin að hefja undirbúning slíks samráðsvettvangs. Á fundinum var einnig kynnt staða verkefna sem tilgreind eru í skýrslunni Framtíð Breiðafjarðar.

2. Forgangsröðun samgönguframkvæmda í svæðisskipulagi Vestfjarða

Formaður gaf sviðsstjóra byggðapróunar orðið. Hann kynnti að samkvæmt bókun stjórnar frá 72. fundi stjórnar hefði innviðanefnd tekið forgangsröðun samgönguframkvæmda til umfjöllunar þann 2. október s.l. og afgreitt ályktun og minnispunkta um samgönguverkefni til Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða. Boðað hefði verið til fundar þann 3. nóvember n.k. í svæðisskipulagsnefnd og þar yrði ályktun og minnispunktar innviðanefndar teknar til umfjöllunar við afgreiðslu beiðni til sveitarstjórna um auglýsingu á tillögu að svæðisskipulagi Vestfjarða.

3. Umsagnir

Kynnt efni vinnuskjals um mál frá Alþingi og í Samráðsgátt.

- **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis** sendir til umsagnar frumvarp til laga um leikskóla (innritun í leikskóla), 45. mál Frestur til að senda inn umsögn er til og með 24. október nk. Tillaga, ekki senda umsögn.
- **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis** sendir til umsagnar frumvarp til laga um framhaldsskóla (viðurkenning námsbrautalýsinga o.fl.), 154. mál Frestur til að senda inn umsögn er til og með 24. október nk. Tillaga, ekki senda umsögn
- **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis** sendir til umsagnar frumvarp til laga um kílómetragjald á ökutæki, 144. mál Frestur til að senda inn umsögn er til og með 24. október nk. Umsögn send 24. október, sjá afgreiddar umsagnir
- **Atvinnuveganefnd Alþingis** sendir til umsagnar frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu), 153. mál Frestur til að senda inn umsögn er til og með 27. október nk. Tillaga, ekki senda umsögn.
- **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis** sendir til umsagnar frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn), 81. mál Frestur til að senda inn umsögn er til og með 29. október nk. Tillaga, ekki senda umsögn.
- **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis** sendir til umsagnar frumvarp til laga um vegalög (þjóðferjuleiðir), 66. mál Frestur til að senda inn umsögn er til og með 29. október nk. Tillaga, vinna umsögn..
- **Allsherjar- og menntamálanefnd** sendir til umsagnar 73. mál – Jarðakaup erlendra aðila. Frestur til að senda inn umsögn er til og með 4. nóvember nk. Tillaga, ekki senda umsögn
- **Umhverfis- og samgöngunefnd** sendir til umsagnar 179. mál – Varnir gegn mengun hafs og stranda. Frestur til að senda inn umsögn er til og með 5. nóvember nk. Tillaga, skoða nánar en líklega ekki senda umsögn

- **Umhverfis- og samgöngunefnd** sendir til umsagnar 192. mál – Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og hollustuhættir og mengunarvarnir. Frestur til að senda inn umsögn er til og með 5. nóvember nk. Tillaga, ekki senda umsögn.

Formaður bar upp tillögu um að afgreiðslu umsagna samkvæmt framlögðum tillögum

Tillagan samþykkt.

Lagt fram til kynningar staða á afgreiddum umsögunum

Umsögn frumvarp til laga um fjárlög 2026, 1. mál. Umsögn send inn <https://www.althingi.is/altext/erindi/157/157-199.pdf> og fundur með fjárlaganefnd 3. nóvember n.k.. Umsögn einnig send vegna máls nr 2; breyting á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2026 (Bandormur) <https://www.althingi.is/altext/erindi/157/157-132.pdf>

Umsögn um mál 144, kílómetragjald á ökutæki <https://www.althingi.is/altext/erindi/157/157-507.pdf>

Umsögn í Samráðsgátt, áform um breytingu búvörulaga <https://island.is/samradsgatt/mal/4076> sjá innsendar umsagnir.

Umsögn í Samráðsgátt, Frumvarp til lag um breytingar á sveitarstjórnarlögum <https://island.is/samradsgatt/mal/4065> sjá innsendar umsagnir